

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 2.6.2023
Tilvísun: 20230600344

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um afvopnun, takmörkun vígbúnaðar og útflutningseftirlit – þskj. 1489 – 953. mál

Ríkisskattstjóri hefur þann 31. maí sl. móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál. Með frumvarpi þessu er sameinuð í eina heildarlöggjöf umfjöllun um alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á sviði afvopnunar, og takmörkunar vígbúnaðar og einnig umfjöllun um útflutningseftirlit. Telur embættið tilefni til eftirfarandi athugasemda við frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Í 3. gr. frumvarpsins koma fram ýmsar orðskýringar og eru þar í 11. og 12. tl. skýrð hugtökin *útflutningur* og *útflytjandi*. Ríkisskattstjóri bendir á að í þessum tilvikum eru skýringar ekki fyllilega í samræmi við tollalög eða tollframkvæmd hér á landi og er hugtakið *endurútflutningur* t.a.m. ekki notað í íslenskri tollframkvæmd. Af þeim sökum gerir ríkisskattstjóri eftirfarandi tillögu að breytingum á 11. og 12. tl. 3. gr. frumvarpsins sem þá yrðu svohljóðandi:

11. *Útflutningur samkvæmt lögum þessum er útflutningur og umflutningur í skilningi tollalaga, nr. 88/2005, með eða án endurgjalds. Hugtakið gildir einnig um flutning á hugbúnaði eða tækni með rafrænum miðlum, þ.m.t. með bréfsíma, síma, tölvupósti eða á annan rafrænan hátt til annars ríkis, það felur í sér að gera slíkan hugbúnað og tækni tiltæk á rafrænu formi eða munnlega yfirfærslu tækni þegar tækni er lýst í gegnum talflutningamiðil fyrir einstakling eða lögaðila í öðru ríki.*
12. *Útflytjandi er aðili sem með lögmætum hætti getur ráðstafað vöru til tollmeðferðar hjá tollýfirvöldum, hefur ávinning af rétti til að ráðstafa hlut til útflutnings eða hefur meðferðis hlut sem á að flytja út og geymdur er í einkafarangri þess aðila.*

Virðingarfyllst,
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Salka Hauksdóttir